

VELFERÐARRÁÐ

Ár 2019, miðvikudagur 9. október var haldinn 362. fundur velferðarráðs og hófst hann kl. 13:03 í Kerhólum, Borgartúni 12-14. Fundinn sátu: Heiða Björg Hilmisdóttir, Elín Oddný Sigurðardóttir, Aron Leví Beck, Alexandra Briem, Örn Þórðarson, Sanna Magdalena Mörtudóttir og Kolbrún Baldursdóttir. Af hálfu starfsmanna sátu fundinn: Dís Sigurgeirsdóttir, Agnes Sif Andrésdóttir, Berglind Magnúsdóttir, Þórdís Linda Guðmundsdóttir og Katrín Harpa Ásgeirsdóttir sem ritaði fundargerð.

Þetta gerðist:

1. Fram fer kynning á starfinu á velferðarsviði á milli funda velferðarráðs.
 - Kl. 13:04 tekur Örn Þórðarson sæti á fundinum.
2. Fram fer kynning á aðgerðaáætlun vegna matarstefnu.

Fulltrúi Flokks fólksins leggur fram svohljóðandi bókun:

Flokkur fólksins áttar sig ekki alveg á hlutverki þessa hóps. Borgarstjóri skipar hópinn en ekki þykir líklegt að neinn úr minnihlutunum verði boðin þátttaka. Minnihlutinn hefur skoðanir á matarstefnunni og þekkingu. Margt er gott í þessari „stefnu“ en vissulega eru þetta bara enn orð á blaði. Nýlega var fjallað um í fréttum niðurstöður rannsóknar þar sem fram kom að mun meiri matarsóun er í íslenskum grunnskólum en í nágrannalöndunum. Þá er matur barna í skólum mjög einsleitur. Það skýtur því skökku við að fá fréttir af því að meirihlutinn vill draga úr dýraafurðum, sem gerir matinn enn einsleitari. Það eru ekki ný tíðindi að börn vilja ekki mikið af grófmæti. Börn sem eru ekki vön að borða grænkeramat fara varla að taka upp á því í skólanum. Flokkur fólksins lagði fram tillögu í borgarstjórn í september 2018 að borgin myndi beita sér m.a. fjárhagslega fyrir því að allir skólar í Reykjavík yrðu grænánaskólar. Í greinargerð með tillögunni var m.a. komið inn á leiðir til að stemma stigu við matarsóun, sem dæmi er mikilvægt að börn skammti sér sjálf og vigti og skrái síðan það sem þau leifa. Einnig þarf maturinn að vera fjölbreyttur og börn þurfa að hafa val.

Fulltrúar Samfylkingarinnar, Pírata og Vinstri grænna leggja fram svohljóðandi bókun:

Borgarstjóri skipar stýrihóp en eins og fram kemur í stefnunni er áhersla á að matur í Reykjavík verði fjölbreyttur, næringarríkur og spennandi. Mörg tækifæri eru fyrir velferðarsvið að gera betur í tengslum við máltíðabjónustu við innleiðingu þessarar stefnu en fram hefur komið mikill áhugi meðal félags eldri borgara að taka þátt enda er matur mikilvægur þáttur í lífi margra.

3. Lögð fram að nýju tillaga Sósíalístaflokksins um sveigjanlegri félagslega heimabjónustu, sbr. 18. lið fundargerðar velferðarráðs 21. ágúst 2019.

Velferðarráð leggur fram svohljóðandi breytingatillögu:

Lagt er til að gerð verði úttekt á þörf á sveigjanlegri bjónustu í félagslegri heimabjónustu varðandi tíma, tímalengd og verkefni. Fyrirliggjandi er að endurskoða þarf reglur um félagslega heimabjónustu og úttekt sem þessi gæti gefið okkur betri mynd af stöðunni og þörf á sveigjanlegri bjónustu. Að fengnum niðurstöðum væri hægt að meta kostnað við aðgerðir.

Samþykkt.

Fulltrúar Samfylkingarinnar, Pírata og Vinstri grænna leggja fram eftirfarandi bókun:

Nú stendur yfir heildarendurskoðun á reglum um stuðningsþjónustu Reykjavíkurborgar. Vinna er hafin við endurskoðun reglna um stuðningsþjónustu barna og mun í kjölfarið hefjast vinna við endurskoðun reglna um stuðningsþjónustu fullorðinna. Nú hefur velferðarsviði verið falið að vinna úttekt á þörfum notenda í félagslegri heimabjónustu. Mikilvægt er að slík rannsókn sé unnin í tengslum við endurskoðun á reglum um stuðningsþjónustu.

Fulltrúi Flokks fólksins leggur fram svohljóðandi bókun:

Flokkur fólksins vill taka undir þessa tillögu ekki síst mikilvægi þess að gefa kost á lengri viðveru þeirra sem veita heimabjónustu til þess að veita þjónustubega smá félagsskap. Margir notendur þjónustunnar eru í þeim aðstæðum að vera einangraðir og finnst erfitt ef sá sem veitir þjónustuna er á mikilli hraðferð. Mörgum finnst þessi velferðartækni ógnandi og þá er átt við allar tæknilegar lausnir til að bæta velferðarþjónustu við einstaklinga eða hópa. Dæmi: Hjólastóll, göngugrind, öryggishnappur og margt fleira sem ekki gerir kröfu um að þjónustugjafinn komi til þjónustuþega, heldur er þjónustan veitt í gegn um tölvu eða snjallsíma. Þetta er gott og blessað eins langt og það nær en velferðartæknin getur aldrei komið í stað persónulegrar nándar og tengsla. Margir eru einmana, haldnir kvíða og annarri vanlíðan. Dæmi eru um að eldri borgarar séu jafnvel búnir að dekkja borð og langar til að spjalla stuttlega. Sumir reyna að hjálpa til við þrífing til að eiga meiri möguleika á nokkrum mínútum (til að spjalla) með heimabjónustufólkinu. Hægt væri að gera einfalda könnun á þessu. Óbarfi er að flækja málið eða gera úr þessu milljóna kostnað eins og fram kemur í svari og telur Ff ekki þörf á djúpvíðtölum á þessu stigi.

4. Lögð fram að nýju tillaga Flokks fólksins um að Félagsbústaðir haldi sjálfir utan um greiðsludreifingu og innheimtu leiguskulda, sbr. 13. lið fundargerðar velferðarráðs 4. september 2019.
Samþykkt að vísa til Félagsbústaða.

Fulltrúar Samfylkingar, Pírata og Vinstri grænna leggja fram svohljóðandi bókun:

Félagsbústaðir eru sjálfstætt félag sem er alfarið í eigu Reykjavíkurborgar og sinnir rekstri félagslegs leiguhúsnaðis í borginni. Félagsbústaðir hafa sjálfstæða stjórn sem sér um reksturinn. Þar sem ákvörðun um innheimtumál Félagsbústaða er ekki tekin af velferðarráði er tillögunni vísað til stjórnar Félagsbústaða.

Fulltrúi Flokks fólksins leggur fram svohljóðandi bókun:

Þessari tillögu er vísað til stjórnar Félagsbústaðar og við því mátti búast. Flokkur fólksins setur sig ekki upp á móti því. Flokkur fólksins vill senda meðferðis það álit og skoðun að þessi regla er með eindæmum ómanneskjuleg og hefur að því er virðist komið aftan að fjölmörgum. Alla vega komu leigjendur margir af fjöllum begar skuld þeirra, oft lítilvæg var komin til lögfræðinga. Hér er jafnvel um að ræða leigjendur sem hafa áður dreift skuld sinni hjá skrifstofunni og gengið vel. Í ljósi þess að leigjendur eru upp til hópa fólk í fjárhagserfiðleikum er þess vænst að Félagsbústaðir taki upp þá leið sem var áður en hún var að hægt væri að semja um skuldir við skrifstofu Félagsbústaða. Félagsbústaðir eiga að hugsa um skjólstæðinga sína fyrst og fremst en ekki að styrkja lögfræðinga. Flokkur fólksins upplifir ennþá allt of oft að Félagsbústaðir sýni of mikla hörku og óbilgírni þótt hlutir hafi vissulega nokkuð lagast síðasta misseri. Borgarfulltrúi Flokks fólksins vill minna á það að Félagsbústaðir eru í eigu borgarinnar og notendur

sem eru leigjendur eru afar viðkvæmur hópur. Svona fyrirtæki er ekki hægt að reka eins og banka.

Fulltrúi Sósíalístaflokksins leggur fram svohljóðandi bókun:

Fulltrúi Sósíalístaflokks Íslands styður heilshugar tillögu Flokks fólksins um að Félagsbústaðir haldi sjálfir utan um greiðsludreifingu leiguskulda hjá leigjendum sínum. Það getur valdið gríðarlega miklu álagi fyrir leigjendur að þurfa að eiga við innheimtufyrirtæki með tilheyrandi kostnaði og mikilvægt er að Félagsbústaðir leiti leiða til að halda utan um greiðsludreifingu leiguskulda hjá leigjendum sínum. Í kjölfarið leggur fulltrúi Sósíalístaflokksins til að ef það er þörf á aukningu á starfsfólki eða öðrum þáttum innan Félagsbústaða til að ná að sinna því að halda utan um greiðsludreifingu og innheimtumál að það verði kortlagt svo hægt sé að tryggja þá þætti sem þörf er á í þessa starfsemi. Fjölgun í eignasafni, leiðir til fjölgunar leigjenda og því er fullkomlega eðlilegt að starfsfólki Félagsbústaða fjölgi í samræmi við þá fjölgun. Fulltrúi Sósíalístaflokksins leggur því fram sértillögu um þennan þátt svo það sé alveg skýrt.

5. Lagt fram svar sviðstjóra við fyrirspurn Flokks fólksins, sem lögð var fram í borgarráði 15. ágúst 2019 og vísað til meðferðar velferðaráðs, um úrræði foreldra sem bíða eftir húsnæði fyrir fatlaða einstaklinga.

Fulltrúar Samfylkingarinnar, Pírata og Vinstri grænna leggja fram svohljóðandi bókun:

Uppbyggingaráætlun sértækra húsnæðisúrræða fyrir fatlað fólk var samþykkt árið 2017 að undangenginni ítarlegri þarfagreiningu sem nú nær til allra sem eru á bið eftir húsnæði fyrir fatlað fólk. Áætlunin hefur verið að fullu fjármögnuð. Frá árinu 2016 til dagsins í dag hefur verið fordæmalaus uppbygging á búsetuúrræðum fyrir fatlað fólk og hafa 52 einstaklingar fengið úthlutað í nýtt húsnæði, auk þess sem úthlutað hefur verið í húsnæði sem hefur losnað. Bæði er um nýbyggingar, endurbætur og kaup á húsnæði að ræða, allt til að mæta þörf hverju sinni.

Fulltrúi Flokks fólksins leggur fram svohljóðandi bókun:

Það er sláandi hvað margir fatlaðir bíða eftir húsnæði eða 168 einstaklingar og að frá 2016 hafi einungis 52 fengið úthlutað nýju húsnæði sem byggt var á grunni uppbyggingaráætlunar. Þetta sýnir glögg að allt of lítið hefur verið byggt af húsnæði fyrir þennan hóp. Hann hefur bersýnilega ekki verið í neinum forgangi ella biðu nú ekki 168 einstaklingar 18 ára og eldri eftir húsnæði. Hér þarf að gera breytingar, þennan biðlista verður að stytta, helst útrýma enda ekki eðlilega langur í borg sem státar af hagnaði og er stýrð að jafnaðarflokkum eins og Samfylkingu og VG. Það er oft gríðaralag á þeim sem bíða eftir húsnæðinu og fjölskyldum þeirra. Hér er verið að tala um fullorðna einstaklinga sem eiga rétt á að fá húsnæði við sitt hæfi til að geta lifað sínu persónulega lífi. Talað er um í umsögninni við fyrirspurninni um húsnæði sem hefur losnað. Borgarfulltrúa Flokks fólksins fýsir að vita nánar um það, í hvaða tilfellum eru íbúðir að losna?

6. Lagt fram svar sviðstjóra við fyrirspurn Flokks fólksins, sem lögð var fram í borgarráði 15. ágúst 2019 og vísað til meðferðar velferðaráðs, um húsnæði fyrir fatlað fólk.

Fulltrúar Samfylkingarinnar, Pírata og Vinstri grænna leggja fram svohljóðandi bókun:

Uppbyggingaráætlun sértækra húsnæðisúrræða fyrir fatlað fólk var samþykkt árið 2017 að undangenginni ítarlegri þarfagreiningu sem nú nær til allra sem eru á bið eftir húsnæði fyrir fatlað fólk. Áætlunin hefur verið að fullu fjármögnuð. Frá árinu 2016 til dagsins í dag hefur verið fordæmalaus uppbygging á búsetuúrræðum fyrir fatlað fólk og hafa 52 einstaklingar fengið úthlutað í nýtt húsnæði, auk þess sem úthlutað hefur verið í húsnæði sem hefur losnað. Bæði er um nýbyggingar, endurbætur og kaup á húsnæði að ræða, allt til að mæta þörf hverju sinni.

Fulltrúi Flokks fólksins leggur fram svohljóðandi bókun:

Það eru 168 fatlaðir einstaklingar sem bíða eftir húsnæði og aðeins 52 hafa fengið úthlutað sl. 3 ár. Fyrir þennan og síðasta meirihluta er þessi hópur greinilega ekki hátt skrifaður þegar kemur að forgangi. Það skýtur skökku við í ljósi þess að Samfylkingin hefur verið við völd í a.m.k. 10 ár. Sú áætlun sem hér er birt í svari gefur til kynna að sumir gætu þurft að bíða í tíu ár eða lengur eftir búsetuúrræði. Einstaklingar eru jafnvel komnir á miðjan aldur þegar þeir loksins fá húsnæði. Er vitað hvar þessir einstaklingar búa sem eru á biðlistanum? Hjá foreldrum? Systkinum? Þetta er óásættanlegt. Samkvæmt áætluninni á að vera búið að byggja 80-90 íbúðir fyrir 2020. Það styttist í 2020. Er búið að byggja þessar íbúðir? Miða við að aðeins 52 hafi fengið húsnæði síðustu þrjú árin stenst þessi áætlun ekki. Á svona bið græðir engin. Dæmi eru um að fjölskyldur eru rjúkandi rústir, slíkt er álagið. Í þessum fjölskyldum eru oft yngri systkini sem verða fyrir áhrifum af álaginu sem er á heimilinu og foreldrum. Aðstandendur eru oft örmagna og sá sem bíður eftir húsnæðinu orðin þunglyndur.

Fulltrúar Samfylkingarinnar, Pírata og Vinstri grænna leggja fram svohljóðandi gagnbókun:

Vakin er athygli á að 52 nýjar íbúðir hafa verið teknar í notkun á síðustu 3 árum en mun fleiri verið úthlutað.

7. Lagt fram svar sviðstjóra við fyrirspurn Flokks fólksins, sbr. 12. lið fundargerðar velferðarráðs þann 21. ágúst 2019, um ýmis atriði í bæklingi eldri borgara.

Fulltrúi Flokks Fólksins leggur fram svohljóðandi bókun:

Í fyrirspurn frá fulltrúa Flokks fólksins var spurt um ýmislegt er varðar upplýsingagjöf í bæklingi sem sendur er heim til allra eldri en 75 ára. Í svari um hvað lengi þurfi að bíða eftir að fá Rauða kross vin í heimsókn segir að það sé misjafnt. Fulltrúa Flokks fólksins finnst þetta ekki svara fyrirspurninni. Hvað er verið að tala um hér, allt frá einum degi í tvö mánuði? Óskað er nánari greiningu á þessu. Í b. og d. lið er svarað með tölvulinki. Í fyrirspurninni er einmitt tekið fram að áhersla er á bá sem ekki nota tölvur. Þess vegna finnst borgarfulltrúa sérkennilegt að í svari í tveimur liðum er aðeins gefinn upp netlinkur. Ef hér væri eldri borgari að spyrja sömu spurninga, væri honum svarað með því að láta hann hafa netlink? Í þessu kjarnast e.t.v. áhyggjur Flokks fólksins að allt of stór hluti samskipta sé orðinn rafrænn og að ekki sé gefinn tími til að svara skriflega eða munnlegra eftir því sem við á. Þær fyrirspurnir sem lagðar voru fram nú voru að beiðni eldri borgara sem ekki nota tölvur. Á borgarfulltrúi Flokks fólksins nú að afhenda þeim linka sem svar.

Fulltrúar Samfylkingarinnar, Pírata og Vinstri grænna leggja fram svohljóðandi gagnbókun:

Spurningunum er svarað og með fylgir linkur með ítarupplýsingum og það er til fyrirmyndar þannig að borgarfulltrúi geti kynnt sér málið betur.

8. Lagt fram svar sviðstjóra við fyrirspurn Sósíalístaflokksins, sbr. 17. lið fundargerðar velferðarráðs þann 21. ágúst 2019, um ábendingar og utanumhald þeirra.
9. Lagt fram svar sviðstjóra við fyrirspurn Flokks fólksins, sbr. 19. lið fundargerðar velferðarráðs þann 21. ágúst 2019, um sundurliðun á 14.000 ferðum í akstursþjónustu.

Fulltrúi Flokks fólksins leggur fram svohljóðandi bókun:

Í svari við fyrirspurn um akstursþjónustu aldraðra, en spurt var um sundurliðun á 14 þúsund ferðum sem rúmlega 500 manns fóru á hálfu ári, kemur fram að ekki hafi verið safnað upplýsingum um erindi þessara ferða t.d. hvort fólk hafi verið að fara á menningarviðburði. Þessi fyrirspurn var lögð fram m.a. í samhengi við notkun menningarkortsins. Fulltrúi Flokks fólksins hefur nefnilega áhyggjur af því að nú þegar eldri borgarar þurfa að kaupa sér menningarskort til að fara á viðburði þá munu þeir e.t.v. síður fara. Nú hefur það komið í ljós að á hálfu árs tímabili eru aðeins 69 notendur akstursþjónustu af 505 sem búa í þjónustuíbúðum, restin þ.e. rúmlega 400 manns býr annars staðar. Þetta er óvenju lágt hlutfall sem býr í þjónustuíbúðum sem nýtir sér akstursþjónustuna. Ekki er gott að átta sig á hvað þetta merkir. Það er mjög mikilvægt að sundurliða til hvers þessar ferðir eru notaðar ekki síst til að fá upplýsingar um hvort eldri borgar kaupir sér menningarskort og noti það. Hér sár vantar frekari upplýsingar og þar sem ekki hefur verið safnað upplýsingum um þetta fram að þessu er mikilvægt að hefja slíka upplýsingasöfnun strax.

Fulltrúar Samfylkingarinnar, Pírata og Vinstri grænna leggja fram svohljóðandi bókun:

Þjónustuíbúðir eru 365 og ef við miðum við að einn einstaklingur búi í hverri íbúð er það um 19% íbúa sem nýta sér akstursþjónustu aldraðra. Leiða má líkur að því að hluti íbúa í þjónustuíbúðum nýti sér ferðabjónustu fatlaðs fólks og því er ekki um heildartölu að ræða. Í Reykjavík búa 15316 eldri borgarar og því er ríflega 436 manns af þeim fjölda einungis 3%. Þess má einnig til gamans geta að Reykjavík er eina sveitarfélagið sem rekur þjónustuíbúðir fyrir aldraða og er það vel.

10. Lagt fram svar sviðstjóra við fyrirspurn Flokks fólksins, sbr. 20. lið fundargerðar velferðarráðs þann 21. ágúst 2019, um kostnað ferða í akstursþjónustu, biðtíma, tegund notenda og búsetu þeirra.

Fulltrúi Flokks fólksins leggur fram svohljóðandi bókun:

Fulltrúi Flokks fólksins þakkar svarið. Fram kemur að meðalkostnaður við ferð í akstursþjónustu aldraðra og fatlaðra er kr. 3.918 samkv. upplýsingum frá Strætó. Fulltrúa Flokks fólksins finnst þetta há meðaltalsupphæð og telur að lækka ætti þessa gjaldskrá. Að sjálfsögðu á kostnaður að vera óháður fjölda ferða. Fjöldi ferða kemur kostnaði ekkert við. Samkvæmt þessu svari er biðtími ásættanlegur en betur má ef duga skal. Enginn ætti að bíða eftir þjónustu af þessu tagi í 15 mínútur eða meira. Það sem kemur mest á óvart er greining á notendum akstursþjónustunnar á tímabili jan. til júní, en 17% eru karlar en 83% eru konur. Þetta er ótrúlegur mismunur. Annað athyglisvert í svari er að af 505 notendum þjónustunnar bjuggu aðeins 69 í þjónustuíbúðum aldraðra.

11. Lagt fram svar sviðstjóra við fyrirspurn Flokks fólksins, sbr. 14. lið fundargerðar velferðarráðs þann 4. september 2019 um aðferðir velferðarsviðs til að upplýsa fólk um styrki á grundvelli 16. gr. a.

Fulltrúi Flokks fólksins leggur fram svohljóðandi bókun:

Spurt var um aðferðir til að upplýsa fólk um styrki á grundvelli 16. gr. A í reglum um fjárhagsaðstoð. Spurningin var lögð fram vegna þess að fram hafði komið í öðru svari við fyrirspurn Flokks fólksins að fjöldi þeirra sem sækja um fjárhagsaðstoð er mestur í Hóla- og Fellahverfi en þar er einnig frístundarkortið minnst nýtt af öllum hverfum. Fulltrúi Flokks fólksins vill leiða líkur að því að það sé vegna þess að frístundarkortið er skilyrði þess að foreldrar geti sótt um fjárhagsaðstoð. Í svari kemur fram að á tímabili jan. til júlí 2019 sóttu 51% barnafjölskyldna um fjárhagsaðstoð en aðeins 41% fékk aðstoðina. Þetta allt er því að taka á sig enn skrytnari mynd. Hér er verið að segja að 50 % sækja um en aðeins 40 % fá aðstoð. Mögulegar ástæður eru reifaðar í svari frá velferðarsviðinu en sviðið virðist ekki vita mikið um ástæðurnar. Flokkur fólksins spyr hvort ekki sé rétt að kafa nánar ofan í þetta? Bent er á í svarinu að rafrænar lausnir kunni að leysa þetta. Flokkur fólksins hefur efasemdir um það enda hafa ekki allir þeir sem eru á fjárhagsaðstoð ráð á snjalltækjum/tölvum.

12. Kosning í starfshóp vegna úthlutana styrkja á velferðarsviði.

Eftirfarandi aðilar eru tilnefndir:

Heiða Björg Hilmisdóttir, Samfylkingunni.

Örn Þórðarson, Sjálfstæðisflokknum.

Regína Ásvaldsdóttir, sviðsstjóri velferðarsviðs.

Samþykkt.

13. Fulltrúi Flokks fólksins leggur fram svohljóðandi tillögu:

Tillaga Flokks fólksins að gerðar verði breytingar á eftirfarandi bæklingi vegna ábendinga sem borist hafa. Um er að ræða FSK.2 EINMANALEIKI MEÐAL ELÐRA FÓLKS. Bæklingur útgefinn af Velferðarsviði Reykjavíkur ofl. 2018. Ábendingar hafa borist að talsverðir fordómar einkenna þennan bækling auk vanþekkingar. Dæmi: Miðlungs hætta „Lýsir sér sem einfara eða sérvitringi (dæmigerður karl)“ Einhver myndi gera athugasemd ef þarna stæði „dæmigerð kona“. Hvers vegna er verið að kyngera fólk? Dæmi: Miðlungs hætta „Hefur ekki vestrænan bakgrunn“. Fólk á Íslandi sem er ættað frá austurlöndum hefur sumt hvert öflugt félagslegt net meðal samlanda og er duglegt að hjálpa og heimsækja hvert annað. Hvers vegna er fólk frá austurlöndum hætta en öðrum að einangrast sbr. það sem gefið er í skyn í þessum bæklingi? Ekki er minnst á fjárhagsstöðu nema í miðlungs áhættuhópnum „Metur fjárhagsstöðu slæma“ þá eru miðlungs líkur á einmanaleika. Samkvæmt því ætti lítil hætta að vera á einmanaleika hjá þeim sem meta fjárhagsstöðu góða og mikil hætta hjá þeim sem meta fjárhagsstöðu sína vonlausa, þ.e. hafa ekki til hnífs og skeiðar. Hvergi í þessum bæklingi er minnst á húsnæðisastöðu eða öryggi sem skiptir samt veigamiklu máli ásamt efnahag. Hvergi er minnst á áfengisvandamál sem er vandi í öllum aldurshópum, líka meðal eldri borgara.

Vísað frá.

Fulltrúar Samfylkingarinnar, Pírata og Vinstri grænna leggja fram svohljóðandi bókun:

Þessi bæklingur var þýddur og ekki fyrirhugað að gefa hann út aftur.

14. Fulltrúi Flokks fólksins leggur fram svohljóðandi tillögu:

Tillaga Flokks fólksins að eftirfarandi þættir er varða eldri borgara og mótuneyti verði endurskoðaðir og betrumbættir hið fyrsta. 1. Að þeir sem þurfa að fá mat sendan heim vegna veikinda, ef þeir búa í húsnæði sem er tengt við mótuneyti, t.d. Borgir mótuneyti og íbúar í Eirborgum fái mat alla daga vikunnar á meðan veikindin standa yfir. 2. Að leyfilegt verði að taka með sér mat heim ef einhver vill. Stundum eru líka engin laus sæti í matsal. Þá hefur fólk þurft að bíða eftir að sæti losnar. 3. Benda þarf fólki á að engin á einhver föst sæti. Dæmi eru um að fólk hafi verið rekið úr sæti vegna þess að einhver telur sig eiga það eða að viðkomandi er beðin að færa sig. Þetta hefur fælingarmátt og þarf því að ræða og benda á mikilvægi umburðarlyndis og sveigjanleika. Að sjálfsgöðu á þó alltaf að taka tillit til hreyfihamlaðra við sætaskipun. 4. Leyfa þarf fólki að taka afgang matar með sér heim, ef viðkomandi hefur ekki lyst á að klára matinn sem er skammtaður. Að öðrum kosti er matnum hent. Þetta þykir eldri borgurum sárt enda vanir að nýta allan mat auk þess sem meirihlutinn í borginni er að boða minnkun á matarsóun.

Óskað eftir umsögn frá velferðarsviði.

15. Fulltrúi Flokks fólksins leggur fram svohljóðandi tillögu:

Tillaga Flokks fólksins að hætt verði að nota frauðbakka/frauðílát í mótuneytum eldri borgara. Komi þeir ekki með sín eigin ílát þá sé notað pappalát. Flokkur fólksins hefur áður lagt fram tillögu er varðar plastílát í mótuneytum. Eldri borgarar vilja eins og aðrir í samfélaginu leggja sitt af mörkum til að draga úr plastmengun. Það er því erfitt fyrir þá að þurfa að taka við mat í frauðílátum. Borgarmeirihlutinn og velferðarráð þurfa að fara að taka til hendinni í þessum málum, það er ekki bara nóg að leggja fram einhverjar stefnur um að minnka plast heldur þarf að sýna vilja í verki og leita allra leiða til að aðrar umbúðir en plast eru notaðar í stofnunum á vegum borgarinnar. Það er því einkennilegt að eldri borgurum er skammtaður matur í frauðílát í mótuneyti á vegum borgarinnar.

Samþykkt að vísa til umhverfis- og skipulagssviðs í stýrihóp um plaststefnu.

16. Fulltrúi Flokks fólksins leggur fram svohljóðandi tillögu:

Tillaga um að leita orsaka þess af hverju munur er svo mikill á þeim sem sækja um fjárhagsaðstoð og fá hana síðan. Í ljósi þess að fram hefur komið í svörum að á hálfis árs tímabili sóttu 51% barnafjölskyldna um fjárhagsaðstoð en aðeins 41% fékk aðstoðina. Ástæður þarf að skoða og leggur Flokkur fólksins til að farið verði í að rannsaka hverju þetta sæti. Nota má til þess einfaldar aðferðir sem er t.d. hringja í fólkið og spyrja það hver var ástæða þess að sótt var um en aðstoðin ekki fengin? Var það vegna þess að fólk taldi sig ekki þurfa hana, eða áttu ekki rétt á henni þrátt fyrir að hafa sótt um, eða af því að ekki var skilað inn staðfestingu og af hverju var henni þá ekki skilað inn? Nefnt er sem möguleg ástæða að foreldrar eru í skuld og styrkur er ekki veittur þegar fólk er í skuld, eins og sagt er þegar um „áfallandi greiðslur er að ræða“. Það er engan vegin hægt að búa við það að vita ekki þessar ástæður. Vel kann að vera að ástæður séu einfaldar og hefði mátt, með lítilli leiðbeiningu, veita fjárhagsaðstoðina sem sótt var um?

Frestað, óskað eftir umsögn frá velferðarsviði.

17. Fulltrúi Sósíalístaflokksins leggur fram svohljóðandi tillögu:

Fulltrúi Sósíalístaflakks Íslands styður heilshugar tillögu Flakks fólksins um að Félagsbústaðir haldi sjálfir utan um greiðsludreifingu leiguskulda hjá leigjendum sínum og hætti alfarið að senda skuldir í innheimtu hjá lögfræðingum. Fulltrúi Sósíalístaflakksins leggur til að skuldir verði ekki sendar til innheimtufyrirtækja. Til að slíkt sé hægt þarf að tryggja að Félagsbústaðir ráði við verkið og því er lagt til að allt verði gert til að tryggja að skrifstofan ráði við það. Því er lagt til að Félagsbústaðir kortleggi hvað þurfi til þess að tryggja að slíkt geti átt sér stað. Í því getur t.d. falist að tryggja að nægt starfsfólk starfi hjá skrifstofunni eða að einstaklingur sé fengin sérstaklega inn á skrifstofuna til að sjá um mál einstaklinga í greiðsluferfiðleikum. Fulltrúi Sósíalístaflakksins leggur til að þessi kortlagning fari fram, í framhaldi af því má leggja fram tillögur sem tryggja að starfsemin geti farið fram.

Samþykkt að vísa til Félagsbústaða.

18. Fulltrúi Flakks fólksins leggur fram svohljóðandi fyrirspurn:

Velferðarsmiðja. Hvað er nákvæmlega átt við með þessu orði? Margir eldri borgarar átta sig bara alls ekki á því. Á að smíða velferð? Er búið að stofna velferðarsmiðju, eins og sagt hefur verið í bæklingnum (að átti að gera 2018). Er búið að ráða verkefnisstjóra, og annan starfsmann með honum? Ef svo er: Hverju hefur velferðarsmiðjan áorkað? Velferðartæknismiðja. Er búið að stofna hana í einhverju hverfi Reykjavíkur? Hlutverk hennar á að vera að þarfagreina, gera úttektir, prófa og fylgja eftir stefnu um velferðartækni. Hvernig gengur þetta allt? Hvaða endurbætur hafa orðið? Flakkur fólksins veltir fyrir sér hvort það sé unnið að því að búa til æ nýjar stjórnunareiningar innan velferðarsviðsins en á meðan gleymist það sem mestu máli skiptir sem er samvera og nálægt við eldri borgara. Eldri borgurum, fjölmörgum finnst þeir aldrei spurðir um neitt, hvorki álits né skoðanir á því sem verið er að gera. Hvenær var síðasta spurningarkönnun um þessi mál lögð fyrir eldri borgara? Vilja þeir þetta? Hugnast þeim þessar breytingar? Hvað af þessu eru þeir ánægðir með? Hvað finnst þeim skorta í þjónustuna?

19. Fulltrúi Flakks fólksins leggur fram svohljóðandi fyrirspurn:

Það bíða 168 einstaklingar með fötlun eftir húsnæði. Hér gæti verið um margra ára bið. Í svari við fyrirspurn um biðlista er talað um húsnæði sem losnar. Borgarfulltrúa Flakks fólksins fýsir að vita nánar um þetta, í hvaða tilfellum eru íbúðir að losna? Hvað hafa margar íbúðir losnað síðustu 3 ár?

20. Fulltrúi Flakks fólksins leggur fram svohljóðandi fyrirspurn:

Fyrirspurn um hvar búa þeir 168 fatlaðir einstaklingar sem eru á biðlista eftir húsnæði og hafa verið á biðlistanum e.t.v. í mörg ár? eru þessir einstaklingar sem nú bíða búsettir hjá foreldrum? Eða hjá systkinum, eða annars staðar?

21. Fulltrúi Flakks fólksins leggur fram svohljóðandi fyrirspurn:

Fyrirspurn vegna biðtíma eftir Rauðakrossvini. Hvað er átt við að fólk bíði mislengi eftir símtali við Rauðakrossvin? Hvað felst í þessu „mislengi“?

22. Fulltrúi Flakks fólksins leggur fram svohljóðandi fyrirspurn:

Í svari við fyrirspurn Flokks fólksins um akstursþjónustu kemur fram að við greiningu á notendum akstursþjónustunnar á tímabili jan. til júní., kom í ljós að 17% eru karlar en 83% eru konur. Óskað er eftir upplýsingum um af hverju þessi mismunur er svo mikill, hvað liggur þarna til grundvallar. Gert er ráð fyrir að velferðarsvið hafi velt þessu fyrir sér og kannað ástæður og óskar Flokkur fólksins eftir að fá upplýsingar um það.

23. Fulltrúi Sósíalístaflokksins leggur fram svohljóðandi fyrirspurn:

Í ljósi mikilla umræðna sem hafa verið uppi um mögulegar breytingar á innheimtumálum hjá Félagsbústöðum spyr fulltrúi Sósíalístaflokksins hvort að leigjendur hjá Félagsbústöðum sem eru með eldri skuldir í greiðsludreifingu hjá Félagsbústöðum þurfi nokkuð að hafa áhyggjur af því að þær falli úr gildi?

Samþykkt að vísa til Félagsbústaða.

Fundi slitið kl. 15:10

Heiða Björg Hilmisdóttir formaður (sign)

Sanna Magdalena Mörtudóttir (sign)

Aron Leví Beck (sign)

Alexandra Briem (sign)

Elín Oddný Sigurðardóttir (sign)

Kolbrún Baldursdóttir (sign)

Örn Þórðarson (sign)